Fullgild rafræn undirskrift
MARGRÉT LILJA MARGEIRSDÓTTIR
Kennitala: 101291-3409
2025-12-22 10:50:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2025-12-22 11:02:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2025-12-22 12:10:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300871-4619
2025-12-22 12:56:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
8. fundur 2025 (139. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 17. desember 2025 kl. 10:30 hjá Isavia ANS, Nauthólsvegi 66, Reykjavík, í fundarsal Þristurinn (3h).

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Forföll:

Jón B. Guðnason	skipulagsnefnd

1. **Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, vinnslutillaga - svör við athugasemdum og uppfærð tillaga.**
   Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
   Skipulagsfulltrúi kynnir uppfærslu á gögnum vinnslutillögunnar. Lagt er til að birta skýringarmynd með hnitum olíulagnar skv. auglýsingu um öryggissvæði. Sýnd eru tvö snið til að sýna að rými sé fyrir lagna- og samgönguleiðir á mörkum skipulagssvæða Keflavíkurflugvallar og Reykjanesbæjar, annars vegar sunnan Aðalgötu og hins vegar sunnan Þjóðbrautar. Uppdráttur hefur verið uppfærður og er nú í fullu samræmi við frumdrög að tvöföldun Reykjanesbrautar.
   Fram kemur að von er á bréfi frá innviðaráðuneyti vegna málsins og að skýrsla um þjóðhagsleg áhrif verður uppfærð.
   Afgreiðsla: Málinu er frestað til næsta fundar.

2. **Breyting á deiliskipulagi Vestursvæðis Keflavíkurflugvallar, svar við bréfi Skipulagsstofnunar.**
   Mál nr. 1003/2025 í skipulagsgátt.
   Farið er yfir ábendingar Skipulagsstofnunar og umsögn Umhverfis- og orkustofnunar um deiliskipulagstillöguna sem barst 18. nóvember s.l. Skipulagsfulltrúi kynnir tillögu að svarbréfi til Skipulagsstofnunar þar sem 1) sýnt er fram á að tillagan sé í samræmi við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030 og heildarendurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2023-2040, 2) brugðist er við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar og 3) bætt er við skilmálum um ljósmagn auglýsingaskiltis.
   Afgreiðsla: Skipulagsnefndi samþykkir tillögu skipulagsfulltrúa og felur honum að svara Skipulagsstofnun.

3. **Svæðisskipulag Suðurnesja, umsagnarbeiðni.**
   Mál nr. 1374/2024 í skipulagsgátt. Kynningartími er frá 4.12.2025 til 30.01.2026.

Lagt fram til kynningar.
Afgreiðsla: Málinu er frestað til næsta fundar.

4. **Umsókn um stöðuleyfi fyrir gámeiningar fyrir MÓT (móttökusvæði bjarga) á lóð Háaleitishlaðs 4.**
Kristín Erla Einarsdóttir f.h. Isavia óskar eftir stöðuleyfi fyrir skýli/gámaeiningu á nýju móttökusvæði bjarga frá 1. febrúar 2026 til eins árs. Því er beint til skipulagsfulltrúa að kanna hvort þörf sé á varanlegri aðstöðu.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við að veitt verði stöðuleyfi frá 1. febrúar 2026 til eins árs fyrir gámeiningu fyrir MÓT (móttökusvæði bjarga) á lóð Háaleitishlaðs 4, sbr. afstöðumynd með umsókn.

5. **Önnur mál.**
Fram kemur að starfsreglur nefndarinnar eru í vinnslu í ráðuneytinu.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður miðvikudaginn 21. janúar 2026, kl. 8:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx